

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 10405/2020

Reykjavík, 19. mars 2021

Sigurður Ingi Jóhannsson  
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

## I

Ég vísa til fyrri bréfaskipta vegna kvörtunar A sem lýtur að úrskurði yðar frá 18. desember 2019, þar sem staðfest var sú ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu að synja beiðni A um endurnýjun ökuréttinda til fólksflutninga, þ.e. útgáfu ökuskírteinis vegna réttindaflokka C, C1, D og D1 með tákntölurnar 95 og 450. Ástæða synjunarinnar var sú að A hafði ekki lokið endurmenntun vegna ofangreindra réttindaflokka, s.s. lög gera ráð fyrir, sbr. nú 10. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ég hef nú lokið athugun minni vegna málsins, sbr. hjálagt bréf sem ég hef ritað A.

Eins og kemur fram í bréfi mínu til A legg ég þann skilning í úrskurð ráðuneytis yðar, að fengnum frekari skýringum á honum, að það telji ótvírætt að þær kröfur sem gerðar eru í ákvæðum umferðarlaga um endurmenntun atvinnubílstjóra brjóti ekki í bága við þá vernd sem atvinnuréttindi njóta á grundvelli 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrár og að efni námskrár vegna endurmenntunarinnar eigi sér fullnægjandi stoð í lögum.

Athugun mín á málinu hefur aftur á móti orðið mér tilefni til að gera ákveðnar athugasemdir við rökstuðning ráðuneytisins fyrir niðurstöðu málsins. Hef ég þá einkum staðnæmst við þá afstöðu ráðuneytis yðar sem gerð var grein fyrir í svari þess frá 26. janúar sl. við fyrirspurn umboðsmanns sem laut að því hvort leyst hefði verið úr málinu með fullnægjandi hætti að virtu því réttaröryggishlutverki sem felst í kærueftirliti ráðuneytisins, þ.e. í ljósi þeirra röksemda A sem fram komu í stjórnsýslukæru hans og lutu að því að kröfur til endurmenntunar samræmdust ekki 75. gr. stjórnarskrár.

## II

Í svari ráðuneytisins frá 26. janúar sl. er lýst þeirri afstöðu að ráðuneytið líti svo á að „það sé ekki hlutverk ráðuneytisins að skera úr um hvort ákvæði laga fari í bága við við ákvæði stjórnarskrárinnar, heldur sé slíkt aðeins á færi dómstóla.“

Af þessu tilefni tel ég rétt að minna á að umboðsmaður Alþingis hefur áður fjallað um og bent á að vald ráðherra og lagaleg ábyrgð birtist ekki síst í þeim yfirstjórnar- og eftirlitsheimildum sem hann hefur að lögum, s.s. til að virk áhrif á starfsemi undirstofnana á hverjum tíma, sjá t.d. álit setts umboðsmanns Alþingis frá 7. júlí 2009 í máli nr. 5718/2009. Í samræmi við stjórnskipun landsins byggist íslenska stjórnarsýslukerfið á því að ráðherra fari með yfirstjórn þeirra málefna sem undir hann heyra og eftirlit með þeirri starfsemi sem fellur undir málefna svið hans og stofnunum sem starfa á því. Þá ber ráðherra ábyrgð gagnvart Alþingi á þeim málaflokkum sem undir hann heyra og getur vegna þess þurft að svara fyrir þá á Alþingi.

Einn liður í þessu eftirliti ráðherra er að leysa úr stjórnarsýslukærum enda fær ráðherra þannig ákveðna innsýn í framkvæmd þeirra málefna, laga og reglugerða sem heyra undir hann. Sú innsýn kann að gefa honum tilefni til þess að gefa fyrirmæli um breytingar á stjórnarsýsluframkvæmd, breyta þeim reglugerðum sem undir hann heyra eða leggja til við Alþingi að ákvæðum laga á málefna sviði hans verði breytt, t.d. ef áhöld eru uppi um hvort ákvæði gildandi laga séu í samræmi við stjórnarskrá. Sjá að þessu leyti einnig álit umboðsmanns Alþingis frá 31. desember 2018 í máli 9937/2018.

Í tengslum við ofangreint tel ég rétt að benda á að þar sem aðili að stjórnarsýslumáli byggir á því í stjórnarsýslukæru til ráðherra að þær lagareglur sem á reynir í málinu séu ekki í samræmi við stjórnarskrá getur ráðherra að réttu lagi ekki afgreitt málið með því að vísa eingöngu til þess að ráðherra, eða önnur stjórnvöld, eigi ekki úrskurðarvald um það hvort ákvæði laga brjóti í bága við stjórnarskrá.

Þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir því að slík tilvik heyri til undantekninga og að stjórnvöldum beri að þessu leyti að gæta varfærni verður engu að síður að játa stjórnvöldum heimild til að láta hjá líða að beita lögum ef þau fela í sér ótvírætt brot á stjórnarskrá enda er það forsenda þess að lög hafi réttaráhrif samkvæmt efni sínu að þau samþýðist stjórnarskrá. Ef stjórnvald telur ekki ástæðu til að taka undir röksemdir sem aðili máls heldur fram um að tiltekið lagaákvæði brjóti í bága við stjórnarskrá, ber því þá að lýsa þeirri afstöðu sinni gagnvart aðila.